



## Fundargerð

277. fundur barnaverndarnefndar Reykjanesbæjar, haldinn að Skólavegi 1

25. janúar 2021, kl. 08:15

Viðstaddir: Halldór Rósmundur Guðjónsson, Þuríður Berglind Ægisdóttir, Díana Hilmarsdóttir, Sigurrós Antonsdóttir, Davíð Brár Unnarsson, María Gunnarsdóttir forstöðumaður, Sandra Jónsdóttir félagsráðgjafi, Katrín Pétursdóttir ráðgjafi og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

\* \* \*

### 1. 4 trúnaðarmál á dagskrá.

#### 2. Umhverfis- og loftlagsstefna Reykjanesbæjar - beiðni um umsögn (2020021391)

Drög að umhverfis- og loftlagsstefnu Reykjanesbæjar lögð fram. Framtíðarnefnd og umhverfis- og skipulagsráð óska eftir umsögn um stefnuna.

Barnaverndarnefnd lýsir yfir ánægju með umhverfis- og loftlagsstefnuna en telur mikilvægt að Reykjanesbær verði leiðandi í flokkun sorps m.a. með því að samræma sorpflokkun hjá stofnunum sveitarfélagsins. Einnig leggur nefndin til að í kaflanum um mengun, hljóðvist og loftgæði verði bætt við í mælanlegum undirmarkmiðum að dregið verði markvisst úr hljóðmengun vegna flugumferðar yfir byggð og gerðar verði stöðugar hljóðmælingar á nokkrum stöðum í bænum.

#### 3. Menningarstefna Reykjanesbæjar – beiðni um umsögn (2019051729)

Drög að menningarstefnu Reykjanesbæjar 2020-2025 lögð fram. Menningar- og atvinnuráð óskar eftir umsögn um stefnuna.

Barnaverndarnefnd telur að vel sé staðið að menningarmálum í sveitarfélaginu og að menningarstefnan endurspegli það. Mikilvægt er að áfram verði hugað að menningarstarfi fyrir börn.

#### 4. Mælaborð barnaverndar og tölulegar upplýsingar (2020040310)

María Gunnarsdóttir forstöðumaður barnaverndar lagði fram mælaborð og tölulegar upplýsingar.

#### Barnaverndartilkynningar til barnaverndarnefndar Reykjanesbæjar

Í desember 2020 bárust 42 tilkynningar vegna 37 barna og vegna einnar ófrískrar konu. Fjöldi nýrra mála í könnun voru 26 mál en á sama tíma í fyrra voru tilkynningarnar 46 vegna 42 barna og fjöldi nýrra mála í könnun voru 15. Í lok desember 2020 var heildarfjöldi barnaverndarmála 422 en 374 mál á sama tíma í fyrra.



Í desember 2020 bárust flestar tilkynningar frá lögreglu, heilbrigðisstofnun, skóla og foreldrum.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30.